



SMÁSAGA

HUNDURINN SEM ÁTTI ENGA VINI

EFTIR
KRISTJÁN HREINSSON




Eitt sinn var hundur sem ekki vildi læra neinar reglur. Hann vildi ekki vera með hálsband, ekki vildi hann vera í Ól, hann vildi ekki borða úr dalli einsog aðrir hundar og hann vildi komast út fyrir gríndverkið í hvert skipti sem hann fékk að fara út á lóðina.



Hann stökk þá yfir gríndverkið eða skreið undir það og svo var hann horfínn. Stundum var hann týndur í nokkra daga, þá grétu börnin sem áttu þennan hund, því þeim þótti vænt um hann þó hann kynni ekki að fara eftir reglum einsog aðrir hundar


að kom stundum fyrir, þegar hundurinn var svangur, að hann laumaði trýninu inní ísskápinn og nartaði í sunnudagssteikina. Hann átti það líka til að opna skápa eða skúffur og éta eitt og annað sem heimilísfólkið ætlaði að hafa í matinn.





Svo kom það líka fyrir að hann tók uppá þeim óskunda að stela frá börnunum ýmsu góðgæti.

Öll þessi óþekkt varð til þess að smátt og smátt varð öllum sama um hundinn.



Og dag einn var svo komið að hann átti engan vín, ekki einn einasta vín. Hann varð einmana og honum leiddist, en þó hélt hann uppteknum hætti við að stela og óhlýðnast.



hætt að setja mat í dallinn hjá hundinum, því hann reyndi hvort eð er alltaf að komast hjá því að borða venjulegan hundamat.

Og þá var svo komið að fólkið á heimilinu var alveg vo var það eitt sinn í vetrarbyrjun að hundurinn skreið undir gríndverkið og fór á flakk. Hann fór yfir í næstu götu, þaðan fór hann yfir í næsta hverfi og svo var hann skyndilega kominn útfyrir borgina.



Og þegar hann var kominn uppí sveit þá var kvöldið að koma og hundurinn fann að það var að byrja að snjóa.



Já og það byrjaði nú aldeilis að snjóa.
Snjórinn hreinlega hrundi af himnum ofan og
svo kom vindurinn og hann var farinn
að safna snjónum í skafla áðuren hundurinn
vissi af. Áfram hélt vindurinn að æsast og
þegar nóttin var að skella á var komið
hávaðarok, nánast fárviðri.



Á sá hundurinn sér þann kost vænstan að grafa holu, skríða niður í hana og reyna að hjúfra sig saman til að halda á sér hita.



undurinn var þarna í miðjum snjóskaflinum á meðan vindurinn æddi í náttmyrkrinu, og þá fann hann hversu vitlaus hann hafði verið. Hann var svangur og kaldur og hann var óöruggur og vinalaus.



Hann ákvað því þarna í snjóskaflinum að hann ætlaði að verða að betri hundi ef honum tækist að lifa af þessa hörmunganótt.

Daginn eftir vaknaði hundurinn, sársvangur og ískaldur.



Daginn eftir vaknaði hundurinn, sársvangur og ískaldur. Hann gróf sig útúr snjóskaflinum og sér til Óblendinnar hamingju sá hann að veðrið var orðið skárri.







Hann staulaðist heim á leið og hann komst við
íllan leik heim í hlað.




Framan við húsið fundu börnin hundinn og þau héldu í fyrstu að hann væri dáiinn. Þau fóru með hann inn og mamma þeirra lét hann leggjast framan við arininn og gaf honum að éta og drekka.

A fluffy brown dog with floppy ears sits on a brown couch, looking intently at a large metal bowl filled with golden-brown fried chicken pieces in the foreground. A small piece of chicken is suspended in the air near the dog's mouth. To the left, a young girl with blonde hair looks on. To the right, two young boys are seated; one is holding a bowl of food and eating, while the other looks towards the dog. The scene is set in a warm, sunlit living room with a window in the background.

ftir nokkra daga fór hundurinn allur að hressast. Og þegar hann sá hvað hann bjó hjá góðu fólki og hvað hann átti í raun og veru marga vini, þá ákvað hann að hér eftir myndi hann hlýða settum reglum.

A photograph of three children and a dog in a grassy field. On the left, a young boy with curly brown hair, wearing a brown sweater, is kneeling and smiling at a large, shaggy, grey and brown dog. In the center, a young girl with brown hair and bangs, wearing a dark blue hoodie, is looking down at the dog. On the right, a young girl with long, wavy brown hair, wearing a dark blue denim jacket, is smiling and looking towards the dog. The dog is lying down on a brown blanket or rug, looking towards the boy. The background is a soft-focus outdoor setting with trees and a building.

Og hundinum leið vel það
sem hann átti eftir ólífað,
hann var bæði hlýðinn og
þægur og allir á heimilinu
vildu vera vínir hans.



Göngum saman hlið við hlið
um heiminn góðir vinir
og allar reglur verðum við
að virða einsog hínir.

ENDIR

